



Mengunin á Keflavíkurflugvelli:

ÖLL LOFORÐIN SVIKIN

Miklar umræður í fyrirspurnatíma á Alþingi í gær

Mikla athygli vakti í umræðum um fyrirspurn Ólafs Ragnars Grímssonar um mengun á Keflavíkurflugvelli þær upplýsingar, sem komu fram í ræðum Suðurnesjapingmannanna, Gunnlaugs Stefánssonar og Karls Steinars Guðna-sonar.

Upplýst var, að þótt forstöðumaður varnarmáladeildar utanríkisráðuneytisins, láti sem sér komi mjög á óvart fréttir um olluveitu varnarliðsins í skurði á Njarðvíkurheiði, þá hafa honum og ráðuneytinu borist fjölmargar kvartanir um mengun á velliðum á liðnum árum frá sveitarstjórn-um suður, en þeim hefur ekkert verið sinnt. Las Gunnlaugur ma. upp úr sex ára gamalli skýrslu þar sem varað er við oliumengun af völdum hersins og beðið um úrbætur. Kvæð Gunnlaugur ekkert hafa gerst í málinu á þessum sex árum. Karl Steinar nefndi að 1976 hefði bæjarstjórn Keflavíkur ályktað um mengun á velliðum en öll loforðin um úrbætur hefðu verið svikin. Hann sagði að slíkt hefði gerst fjölmörgum sinnum og ævinlega hefði farið á sama veg.

Síðar í umræðunni krafðist fyrirspyrjandi þess að sérstök rannsóknarnefnd þingsins yrði skipuð til þess að rannsaka mengunarmál sem snertu ameríska herinn. Sjá nánari frásögn á þingsíðu Þjóðviljans í dag. —sgt.



Gestaleikur frá Tibet vekur hrifningu

Sýning tibetsku gestanna, sem hér eru nú í tilefni 25 ára afmælis KfM vakti mikla hrifningu áhorfenda í Þjóðleikhúsinu í gærkvöldi. — Önnur sýning hópsins er í Þjóðleikhúsinu annað kvöld, en einnig verða sýningar á Selfossi og á Akranesi. Þessa mynd tók Leifur af hópnum um hádegisbilið í gær, áður en lagt var upp í skobunarferð um Reykjavík.



Albert hrekur ósannindi Morgunblásins og Gunnar Thoroddsen staðfestir. Segir Albert sig úr þingflokknum? Sjá þingsíðuna bls. 6

Aðeins 30 af 98 bátum byrjaðir á hringnót

Aðeins 30 bátar af þeim 98 sem fengu leyfi til sildveiða í hringnót hafa nú byrjað veiðar og einungis 2000 lestir af sild eru komnar á land. Þetta hefur orðið til þess, að sjávarútvegsráðuneytið ihugar nú að svipta þá báta veiðileyfinu, sem ekki verða byrjaðir veiðar í byrjun nóvember og hækka þá um leið kvóta þeirra, sem þegar eru byrjaðir.

Aðal-ástæðan fyrir þessu er sú, að sildarkeppendur erlendis vilja helst snemmsveidda sild, enda hefur reynslan sýnt, að sú sild sem veiðist síðari hluta nóvember er afar lélegt hráefni, bæði til söltunar og frystingar.

Hinsvegar mun ástæðan fyrir því hve seint hringnótabátarnir hefja sildveiðarnar í ár vera sú, að sildin hefur komið mun seinna en venjulega uppá landinu og þétt sig í veiðanlegar torfur.

— S.dór.

Eignast Háskólinn Reykjavíkurapótek?

Vantar heimild í lög til þess að svo megi verða, segir Guðlaugur Þorvaldsson, háskólarektor

„Já, þessi mál hafa verið í athugun undanfarin 2 ár, en legið niðri síðan í vor,“ sagði Guðlaugur Þorvaldsson, háskólarektor, þegar Þjóðviljinn bar undir hann frétt Stúdentablaðsins, um að Háskólinn hygðist kaupa lyfsöluleyfi Reykjavíkurapóteks og reka það.

„Sigurður Ólafsson, lyfsali í Reykjavíkurapóteki, hefur löngum lýst því yfir að hann vilji sjá apótekið í höndum Háskólans og þar höfum við haft aðstöðu fyrir verkmenntun lyfjafræðinemanna, enda er Reykjavíkurapótek best í stakk búið til þess,“ sagði rektor. „Hins vegar vantar

í lög heimild til handa Háskólanum til þess að reka apótek, en nefnd sem vinnur að endurskoðun á lyfjadreifingu í landinu hefur það mál nú til athugunar með öðru. Henni er ætlað að skila álit um áramótin og ef hún reyndist þessu hlynt, þá er spurning um hvort ráðherrar heilbrigðis- og menntamála og síðan alþingi samþykkja að setja slíka heimild í lög fyrir Háskólann.“

— Hverjir yrðu kostir þess fyrir Háskólann að reka lyfjabúð?

„Ég hef verið áhugasamur um framgang þessa máls af ýmsum ástæðum,“ sagði rektor. „Undanfarin ár hafa verið erfiðleikar á því að vista lyfjafræðinema til verkmenntunar í apótekum, kannski af eðlilegum ástæðum, enda er víða þröngt. Þessir erfiðleikar urðu til þess að í fyrri

neyddumst við til að breyta reglugerð þar um og nú fá lyfjafræðinemar enga verklega þjálfun fyrr en eftir að þeir hafa lokið prófi frá Háskólanum. Ef Háskólinn ræki eigið apótek myndi það bæta mjög úr skák í þessum efn-um.

Í öðru lagi hafa legið fyrir Háskólaráði í rúm ár tillögur um að lyfjafræðingar skuli fullmenntast hér heima eða þá að námið verði lengt um 1 ár. Um þetta er tömt mál að tala nema aðstaða sé fyrir hendi, en svo er ekki nú.

Lyfjafræðinemar ljúka Exam Pharm prófi eftir þrjú ára nám í Háskólanum en þurfa síðan að fara utan og ljúka Cand Pharm prófi eftir þrjú ár. Ég tel að kaup og rekstur á apóteki yrði hagstæðara fyrir Háskólann heldur

Framhald á 18. síðu

Kröflusvæðið:

Landris orðið meira en nokkru sinni fyrr

Enn heldur land áfram að rísa á Kröflusvæðinu og í gær var landrisið orðið meira en það hefur nokkru sinni orðið, síðan eldsumbrotin á svæðinu hófust í árslok 1975.

Að sögn Axels Björnssonar jarðeðlisfræðings hjá Orkustofnun, eykst hættan á eldgosi

eftir því sem land ris herra og meira safnast af kviku í skálina. Hann sagði ennfremur að landrisið gæti haldið áfram í daga eða vikur enn og engu væri hægt að spá með vissu um framhaldið.

Þá óttast jarðfræðingar mjög kvikuhlaup til suðurs frá skál-

inni, þ.e. niður í Mývatnssveit, en slíkt gæti haft mjög alvarlegar afleiðingar, eins og gefur að skilja, og nú bætist það við að hætta á gosi eykst eftir því sem land ris herra.

Mikil sprungugliðnun er á Kröflusvæðinu, samfara landrisinu. — S.dór

Tónabær félagsmiðstöð

A fundi æskulyðsráðs Reykjavíkur í gær var samþykkt að leggja til að Tónabær verði breytt í félagsmiðstöð fyrir íbúa hverfisins en þó þannig að hægt verði að nota húsið til almenns dansleikjahalds um helgar.

Undanfarið hefur starfað svokölluð Tónabæjarnefnd sem í eiga sæti Margrét Björnsdóttir, Kristinn Friðfinnsson og Bessi Jóhannsdóttir. Nefndin komst að þeirri niðurstöðu að um tvo valmöguleika væri að ræða varðandi framtíð Tónabæjar. Annar var sá sem meiri hluti æskulyðsráðs samþykkti í gær, en hinn er sá að gerðar verði tillöðulega litlar breytingar á húsinu svo að fljótlega verði hægt að hafa þar diskótek á föstudags- og laugardagsvöldum en almenna félagsmálastarfsemi aðra daga vikunnar svo sem opið hús fyrir unglingskvíslar eða þrisvar í viku þar sem farið gæti fram alls kyns starfsemi unglings annaðhvort á vegum þeirra sjálfra eða hússins. Önnur kvöld yrði húsið þá leigt til almennrar félagsstarfsemi. —Gfr

